

**BYGGINGARLÝSING**

Um er að ræða hús fyrir rannsóknarstofur Actavis hf. Með tilheyrandi aðstöðu. Húsið er 4 hæðir með kjallara, 4 hæðin er innregin, með svölum.

Í kjallara eru aðalega tæknirými á efri hæðum eru rannsóknarstofur og tilheyrandi skrifstofuástöða. Tvær fólkalyftur verða í húsinu. Flóttastigar með tilheyrandi útgangi eru við sinn hvorn gaff húsins. Slökkvilið hefur aðgengi að byggingunni frá öllu, m hlöðum um Dalshraun og reykjavíkurveg. Á hverri hæð sameignar við hvort stíghús eru salerni sem þjóna einnig hreyfihömluðum. Töflu- og ræstihærbergi er á hverri hæð í sameign. Byggingin tengist aðliggjandi eldra rannsóknarhúsi á jörðhæð á tvo vegu.

**VEGGIR**

Útveggir kjallara og allra hæða eru steyptri, einangraðir með 100 mm steinullareinangrun, rúmpýngd 80 kg/m<sup>3</sup> og klæddir að utan með málmklæðningu. Innveggir eru ýmist steyptri, eða gipsveggir á blökkgrind. Steyptri veggir verða sípaðir, sandspartaðir og málaðir. Gipsveggir eru spartaðir og málaðir.

**ÞAK**

Þak er s.k. viðsnúð þak. Þakplötur er staðsteyptar og eða holplötur með ásteyplagi og vatnshalla að niðurföllum. Ofan á steypu verða brædd tvö lög af pappa til þess að tryggja vatnsvörn. Þá kemur 180 mm vatnspölin einangrun. Ofan á einangrun verður lagt jarðvegssilt og hellulög sem farg.

**SVALIR**

Innreginn þakhluti efstu hæðar verður nýttur sem svalir.

**LÓÐ**

Aðkoma notenda er frá Dalshrauni og Reykjavíkurvegi 78. Blástæði reiknast sem hluti af heildarblástæðafjölda fyrir athafnasvæði Actavis sem heild (sjá samþykkt deiliskipulag).

**SORPGEYMSLA**

Sameiginleg sorpgeymsla er fyrir athafnasvæði Actavis sem heild í þar til gerðum sérstökum gámum.

**EFNISNOTKUN**

Húsið verður klætt málmklæðningu í tveimur litum.

**BURÐARPOL OG FRÁGANGUR**

Lóðrétt burðarvirki hússins samanstendur af staðsteyptum veggjum og súlum. Lárétt burðarvirki hússins eru staðsteyptar plötur í sameign og á nokkrum öðrum stöðum, en að öðru leyti verður um holplötur að ræða. Upptaka láréttra krafta vegna jarðskjálfta verður með veggjum og skiffum auk þess sem súlur taka einnig þátt í upptöku þeirra í langátt hússins.

**LAGNIR**

Hítakerfi Hefðbundnið ofakerfi verður í húsinu en gólfhliti í anddyri og stíghúsi. Neysluvatns- og frárennslislagirnir í húsinu verða hefðbundnar neysluvatns- og frárennslislagirnir. Loftræsing Vélræn loftræsing ásamt útsogi frá lokuðum gluggalausum rýmum og snyrtingum. Aðrar lagnir Auk þess eru ýmsar sériagnir í húsinu vegna starfsemi og reksturs rannsóknaryrma.

**TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR:**

Þjóðskrárnúmer: 70100800  
Landnúmer: 122165  
Lóðarstærð = 5670 m<sup>2</sup>  
Brúttó flatarmál kjallara - 4.hæðar

Kjallari 834,8m<sup>2</sup>  
1. hæð 1254,5m<sup>2</sup>  
2. hæð 682,5m<sup>2</sup>  
3. hæð 682,5m<sup>2</sup>  
4. hæð 436,5m<sup>2</sup>  
Samtals 3890,8m<sup>2</sup>

Brúttó rúmmál, samtals = 16601,15m<sup>3</sup>  
Heildarstærð þessarar byggingar er 3890,8m<sup>2</sup> en þegar framkvæmdum verður lokið mun heildarstærð bygginga verða 16900 m<sup>2</sup>.  
Lóðarstærð = 21.945 m<sup>2</sup>  
Nýtingarhlutfall = 16900 / 21945 = 0,77  
Blástæðakrafa byggingarreglugerð 64.gr verður uppfyllt.

Byggingin uppfylli kröfur um eftirfarandi gildi, skv. byggingarreglugerð: Pak: 0.2 W/m<sup>2</sup>K  
Útveggur: 0.4 W/m<sup>2</sup>K  
Gluggar: 2.0 W/m<sup>2</sup>K  
Gólf á fyllingu: 0.3 W/m<sup>2</sup>K  
Útveggir, vegið meðaltal: 0.85 W/m<sup>2</sup>K

**Brunavarnir fyrir Actavis, rannsóknarhús:**

**Brunasamtæðu**

Hver hæð er í sér brunasamtæðu (mest 1190 m<sup>2</sup> á 1. hæð). Stíghús mynda brunastúku milli hæða með A-REI60 veggjum og EI-CS30 hurðum. Eldri bygging tilheyrir sömu brunasamtæðu og 1. hæð í nýbyggingu ásamt tengingangi að byggingu E.

**Brunahólfun**

Í kjallara verða öll sérrými í sér brunahólfum. Almennir verða þau með EI60 veggjum en þó verður kæligeymsla fyrir efni með EI90 veggjum. Hurðir verða EI-CS60 að geymslum og tæknirýmum, en E-CS30 að rýmum þar sem brunaálag er minna. Stíghús verða sér brunahólf með AEI60 veggjum og E-CS30 hurðum. Gluggi í glærými, sem snýr að hurð út frá stíghúsinu verður E30.

Lýtur verða í sér brunahólf með AEI60 veggjum og EI-C30 hurðum. Brunastúka verður fyrir framan lýtur í kjallara með E-CS30 hurðum. Reykræsing verður frá lyftustokk (sjá neðar).

**Gangur verður í sér brunahólf.**

Geymslur utanhúss (í kjallara) fyrir leysiefni verða í sér brunahólfum með EI60 veggjum og EI-S60 hurðum og hurð að útirými verður einnig EI60.

Lagnastokkar verða í sama brunahólf og loftræsiklefi í kjallara, og ná upp allar hæðir, með EI60 veggjum og EI-CS30 hurðum.

Á 1. til 4. hæð verður hver hæð í nýbyggingu í sér brunahólf, sem rýma skrifstofur og rannsóknarstofur. Á 1. hæð verður eldra rannsóknarhús í sér brunahólf með EI60 veggjum á milli húsanna og E-CS30 hurðum.

Gasgeymslur á lóð verða í sér brunahólf og uppfylla almennar kröfur um gasgeymslur skv. leiðbeiningum Brunamálastofnunar. Vatnsúðakerfisklefi á lóð verður í sér brunahólf með AEI60 veggjum og EI-CS60 hurð.

Hurðir í brunahólfum verða á hurðasegum sem loka við merki frá brunaviðvörðunarkerfi þar sem þær þurfa að vera opnar m.t.t. starfsemiinnar.

**Burðarvirki**

Brunamótstaða burðarvirkja verður með R90 burðarvirkjum í kjallara og hæðaskil REI90. Á 1. til 4. hæð verða burðarvirki REI60 / R60. Burðarvirki þaks á 4. hæð (efstu hæð) verður R30. Lóðrétt burðarvirki eldri byggingar eru R60 en þak í eldri byggingu er a.m.k. R30. Tengingar og gangur við eldra rannsóknarhús verður með óvarið stálburðarvirki.

**Klæðningar**

Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Klæðning útvegga verður úr A-efnum. Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T.

**Flóttaleiðir**

Flóttaleiðir eru að stíghúsum í sitt hvorum enda byggingarinnar þaðan sem útgangur er á 1. hæð. Frá eldri byggingu á 1. hæð er flóttaleið beint út auk þess sem hægt er að komast út í gegnum stíghús í nýbyggingu. Í kjallara er flóttaleið að gangi og þaðan í stíghúsi í sitt hvorum enda. Hurðir í flóttaleiðum verða a.m.k. 0,9 m breiðruðar.

**Brunaviðvörðunarkerfi**

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍSTEN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Kerfið tengist eldra kerfi hússins.

**Loftræsikerfi**

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Lóðréttir lagnastokkar, frá kjallara og upp á 4. hæð verða í brunahólf með tæknirými. Mótstýrðar brunaokkur verða í stokkum inn á hverja hæð (a.m.k. E-C60). Sér loftræsistokkar verða frá stínkskápum á hverri hæð.

**Reyklosun**

Lýta verður með reykluðu í þaki a.m.k. 1 m<sup>2</sup>. Lúgan opnast við boð frá tveimur skynjurum, þar af öðrum í lyftustokk. Einnig verður hægt að opna lúgum frá stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis. Stíghús verða með opnanlegum gluggum á hverri hæð a.m.k. 0,25 m<sup>2</sup> (handvirk opnun). Reyklosun verður frá kjallara samtals a.m.k. 0,1% af flatarmáli. Til austurs verður opið út í gegnum rist við leysiefnageymslu (a.m.k. 1 m<sup>2</sup>) en á vesturgaffil verður op í gegnum brunn a.m.k. 0,25 m<sup>2</sup>) hvort op.

**Gasgeymsla og -lagnir**

Loftuð gasgeymsla verður utanhúss. Reiknað er með að F-gas í útgeymslu sé undir 1000 kg. Fastar gaslagnir verða í rannsóknarhúsinu. Gasskynjarar fyrir F gas verða skv. reglugerð um slíkan búnað. Gasskynjarar verða einnig þar sem aðrar brunnarlegar lofttegundir eru notaðar (s.s. vetni). Nánari skilgreining á fyrirkomulagi verður gerð síðar.

**Vatnsúðakerfi**

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi skv. reglugerð nr. 245/1994 verður í öllu húsinu. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis. Vatnsúðakerfið verður búið hraðopnandi úðahausum (QR).

**Slöngukefli og slökkvítækj**

Slöngukefli og slökkvítækj verða sett upp í öllu húsinu. Slöngukeflin verða sett upp þannig að slöngurnar ná út í öll horn. Viðeigandi gerðir handslökkvítækja verður sett upp í byggingunni í samræmi við ÍST/EN3.

**Út- og neyðarlýsing**

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍSTEN1838 og prEN 50172. Neyðarlýsing verður í tæknirýmum. Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstíga og útidyr flóttaleiða.

**Eftirlit og viðhald brunavamakerfa**

Reiknað er með að verkkaupi komi sér upp eigin eftirlitakerfi með brunavörum og æfi boðun slökkviliðs, sbr. reglugerð þar að lúðandi, til að tryggja sé að brunavarnir byggingarinnar séu ávallt í fullkomnu lagi og virki eins og til er ætlast þegar á reynir. Reglugerðin kveður á um að brunaaðfangar séu haldnir a.m.k. einu sinni á ári í byggingu eins og hér um ræðir. Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavamakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörðunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing o.fl.).

Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI verknúmer: 04-175-01.

Samþykkt þann  
3 1 MAÍ 2006  
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði  
F.h. Kristján Þórarinnsson

C:


B:

A:

BREYTINGAR:

DAGS:

LYKILMYND:



VERKKAUPI:



REYKJAVÍKURVEGUR 80.  
BYGGINGARHLUTI: R-RANNSÓKNARHÚS

ADALUPPDRÁTTUR  
AFSTÖÐUMYND

VERK: DAGS: 01.10.2004  
KVARDI: 1:500 TEIKNAD: JPB  
SKRA: .DWG

ÚTI INNI

ARKITEKTAR

ÞINGHOLTSTRÉTI 27 101 REYKJAVÍK  
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661  
NETFANG u@ui.is  
VEFFANG http://www.ui.is

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FA  
120357-5149

JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FA  
021256-7579

TEIKNINGANR: A-100 BREYTING: